



# VEF2A05

Námsáætlun, vorönn 2023

**Kennari/kennarar:**

Ragnhildur Ragnarsdóttir

**Netfang/netföng:**

[ragnhildur.ragnarsdottir@borgo.is](mailto:ragnhildur.ragnarsdottir@borgo.is)

**LÝSING**

Í áfanganum verður unnið með hönnun í gagnvirku umhverfi og munu nemendur öðlast færni í að hanna, skipuleggja og setja fram efni fyrir vef.

Fókusinn verður á skapandi hugsun og þátt hönnunar í að miðla efni á áhrifaríkan og markvissan hátt. Skoðað verður hvað þarf að hafa í huga þegar unnið er með gagnvirkan miðil eins og vefinn, aðallega út frá hönnun en tæknin verður einnig skoðuð.

Nemendur vinna efni frá grunni; greiningar, hugmynda- og skissuvinna í forriti og munu öðlast færni í að raungera síður. Farið verður í tengda þætti eins og að undirbúa myndefni fyrir vef og skilja grunnatriði í forritun fyrir vef.

Það sem fer á vefinn er komið út í alheiminn. Rætt verður um mikilvægi þess að vanda valið á því sem sett er fram, höfundaréttarlög, siðfræði netsins og mikilvægi ábyrgðar framsetningar á efni.

**ÞEKking, LEIKNI, HÆFNI****Þekkingarviðmið**

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- lykilatriði varðandi grafíska framsetningu á vef í gegnum hönnunarforritið Figma
- notkun vefsins til markaðssetningar og miðlunar
- helstu hugtökum gagnvirkar miðlunar
- lykilatriðum í notkun vefhönnunar forritsins Figma

**Leikniviðmið**

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- hanna og skipuleggja vefi sem miðla vel því viðfangsefni sem á síðunni er með tilliti til útlits, samhengis, notagildis og skilvirkni
- vinna með ljósmyndir, hreyfimyndir og myndbönd
- útbúa síðu sem virkar tæknilega og er aðgengilegt í tölvu og síma

**Hæfniviðmið**

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- hanna og skipuleggja vefsíðu
- leysa fjölbreytt verkefni í með notendaviðmót vefsíðu að leiðarljósi.
- rökstyðja ákvarðanir um eigin hönnun og framsetningu og taka þátt í gagnrýnu samtali um hönnun, vinnuferli og framsetningu
- nýta sér vefumhverfið til kynningar og markaðssetningar



**Námsmat: 100%**

10% Verkefni 1: Mismunandi vefsíður skoðaðar og lagt mat á hvað virkar og hvað ekki með tilliti til UX og IU hönnunar. Kynningar

15% Verkefni 2: Einna síðu vefur teiknaður í Figma

35% Verkefni 3: Vefur hannaður með tilliti til notendaupplifunar (UX) og notendaviðmóts (UI)

30% Verkefni 4: Vefurinn minn. Portfólíó vefur með eigin verkum

10% Verkefni 5: Wordpress fyrirlestrar og verkefni

**Mat á hverju verkefni fyrir sig er þríþætt:**

Til einkunna er metið hvernig nemendur nýta sér námsefnið og leiðsögn, frumkvæði, vinuferli, skissuvinnu, frágang og lokaverk ásamt frammistöðu í kynningu.

**Námstöfn:**

Hugbúnaður: Figma og Wordpress. Fyrirlestrar og efni sem sett er á Innu.

**Aðrar mikilvægar upplýsingar:**

**Skólasókn:** Nemendur skulu sækja allar kennslustundir og koma stundvíslega til kennslu. Gerð er lágmarkskrafa um 90% skólasókn í áfanganum.

**Seinkomur og fjarvistir:** Komi nemandi of seint í kennslustund er skráð seinkoma. Tvær seinkomur jafngilda einni fjarvist. Ef liðnar eru meira en 10 mínútur af kennslustund er skráð fjarvist.

**Verkefnaskil:** Mikilvægt er að skila verkefnum á réttum tíma til að fá þau metin til einkunnar.

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	5.-6. jan	Kynning	
2	9.-13. jan	<b>V1.</b> Vefsíður, grunnur. Mismunandi vefsíður skoðaðar, hópavinna	10%
3	16.-20. jan	<b>V1.</b> Vefsíður, grunnur. Mismunandi vefsíður skoðaðar, hópavinna	Verkefnaskil
4	23.-27. jan	<b>V2.</b> Kynnign á Figma. Einna síðu vefsíða	15%
5	30. jan- 3. feb	<b>V2.</b> Figma: Einna síðu vefsíða	
6	6.-10. feb	<b>V2.</b> Figma: Einna síðu vefsíða	Verkefnaskil Skóhlífadagar
7	13.-17. feb	<b>V3.</b> Figma: Vefhönnun	40% Vörðuvika I
8	20.-23. feb	<b>V3.</b> Figma: Vefhönnun	Vorannahlé
9	28. feb-3. mars	<b>V3.</b> Figma: Vefhönnun	
10	6.-10. mar	<b>V3.</b> Figma: Vefhönnun	
11	13.-17. mar	<b>V3.</b> Figma: Vefhönnun	Verkefnaskil
12	20.-24. mar	<b>V4.</b> Figma: Vefhönnun, portfólíó vefur	30%
13	27.-31. mar	<b>V4.</b> Figma: Vefhönnun, portfólíó vefur	Valdagur
14	3.-11. apr	PÁSKALEYFI	
15	12.-14. apr	<b>V5.</b> Wordpress fyrirlestrar og verkefni	10%
16	17.-21. apr	<b>V5.</b> Wordpress fyrirlestrar og verkefni	Sumardagurinn fyrsti
17	24.-28. apr	<b>V4.</b> Figma: Vefhönnun, portfólíó vefur	Vörðuvika II
18	1.-5. maí	<b>V4.</b> Figma: Vefhönnun, portfólíó vefur	Dagur verkalýðsins
19	8.-12. maí	<b>V4.</b> Figma: Vefhönnun, portfólíó vefur	
20	15.-16. maí	<b>Kynningar</b>	Síðasti kennsludagur/ Varða III

*Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.*